

Stjórnarfundur Skype, 25. mars 2015.

Fundurinn settur kl. 18:15.

Mættar: Guðbjörg, Krístrún, Marsibil, Þorgerður, Sigríður Ragna. Ekki náðist samband við Sigríði Ragnars á Ísafirði.

Dagskrá

1. liður: Landssambandsþingið. Allt er að verða klárt fyrir þingið. Guðbjörg sagði frá undirbúningi og er ákveðið að verðið verði 11.000 kr. fyrir allt og svo 4000 kr. fyrir kvöldið. Eftir ráðstefnuna verður gengið að Sjóminjasafninu og þar verður borðað og spjallað.
2. liður: Aðalfundurinn. Finna þarf fundarstjóra og komu nokkrar tillögur um það. Guðbjörg hefur samband við þær konur sem stungið var upp á. Undirbúningsdeildirnar finna fundarritara en þeir þurfa að vera tveir. Guðbjörg mun flytja skýrslu stjórnar. Ganga þarf frá samþykkt um árgjaldið svo og lagabreytingar. Fleira rætt viðkomandi skipulagi þingsins. Guðbjörg mun heiðra tvær menntakonur á laugardeginum og einnig að gefa blóm til þeirra sem sjá um alla skipulagninguna.
3. liður: Tilnefningar vegna heiðrunar félagskonu. Guðbjörg sagðist hafa fengið nokkrar uppástungur um konur. Rætt um gjöf sem væri viðeigandi. Ákvörðun tekin á næsta stjórnarfundum.
4. liður: Spilafréttir. Selja þarf lyklakippur og spil. Guðbjörg pantaði 500 spil.
5. liður: Önnur mál. Borist hefur bréf frá alþjóðasamtökunum um að veita fjórum konum verðlaun. Sigrún Klara þekkir allar þessar konur og munum við leita ráða hjá henni. Guðbjörg nær að heimsækja allar deildir, á aðeins Austfirðina eftir. Marsibil sagði frá því að Kappadeildin hennar hefði heimsótt Delta deildina í Borgarfirðinum. Afar ánægjuleg stund þar. Guðbjörg sagði að huga þurfi að því námstýrkjanefnd starfar.

Fundi slitið kl. 19.20.

Ritari, Þorgerður Sigurðardóttir og Marsibil Ólafsdóttir.